

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 150/2001

frá 11. desember 2001

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2001 frá 9. nóvember 2001⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 418/2001 frá 1. mars 2001 um að leyfa ný aukefni og nýja notkun aukefna í föðri⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 1s (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2697/2000) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„1t. **32001 R 0418:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 418/2001 frá 1. mars 2001 um að leyfa ný aukefni og nýja notkun aukefna í föðri (Stjtið. EB L 62, 2.3.2001, bls. 3).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 418/2001 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 22, 24.1.2002, bls. 18 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 6, 24.1.2002, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 62, 2.3.2001, bls. 3.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

B. Grydeland

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.